



**Framsókn**

## **Heilbrigði og málefni eldra fólks**

**Stefna Framsóknar**

Samþykkt á 37. Flokksþingi Framsóknar

2024

## Efnisyfirlit

1.	Líf og heilsa .....	3
1.1	Heilbrigðismál.....	3
1.2	Heilbrigðisþjónusta .....	3
1.3	Geðheilbrigðisþjónusta .....	4
1.4	Dánaraðstoð .....	5
2.	Lýðheilsa og forvarnir .....	5
2.2	Áfengis- og vímuvarnir .....	6
3.	Almannatryggingar .....	6
3.1	Sjúkratryggingar .....	6
3.2	Lyfjamál .....	7
4.	Málefni eldra fólks .....	7
4.1	Heilsuefling og forvarnir .....	7
4.2	Virgni.....	7
4.3	Atvinna.....	7
4.4	Lífeyristryggingar og lífeyrismál.....	8
4.5	Sambætt þjónusta á heimili .....	8
4.6	Dagdvalarrými og dvalarheimili .....	8
4.7	Hjúkrunarheimili .....	9

# 1. Líf og heilsa

## 1.1 Heilbrigðismál

Heilbrigðiskerfið er hornsteinn samfélagsins og byggir undir hagsæld þjóðarinnar. Heilbrigðiskerfið byggir á félagslegum grunni þar sem hið opinbera tryggir landsmönnum jafnt aðgengi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Framsókn leggur áherslu á mikilvægi þess að standa vörð um heilbrigðiskerfið og umfram allt tryggja jafnt og tímanlegt aðgengi að öflugri heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag og búsetu.

Framsókn setur lýðheilsusjónarmið í forgrunn allrar stefnumörkunar. Í ljósi þeirra áskorana sem heilbrigðiskerfið stendur frammi fyrir í tengslum við öldrun þjóðarinnar leggur Framsókn áherslu á að auka vægi endurhæfingar, forvarna, og heilsueflandi aðgerða. Bætt lýðheilsa eru sameiginlegir hagsmunir samfélagsins í heild og mun gegna lykilhlutverki við að tryggja sjálfbærni heilbrigðiskerfisins til framtíðar.

## 1.2 Heilbrigðisþjónusta

Töluverðar umbætur hafa átt sér stað í heilbrigðiskerfinu á þessu kjörtímabili undir stjórn ráðherra Framsóknar. Rauði þráðurinn í því umbótastarfi hefur verið í takt við stefnu Framsóknar um jafnt og tímanlegt aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Þar ber helst að nefna samninga við sérgreinalækna eftir rúmlega fjögurra ára samningsleysi, aukið aðgengi að liðskipaaðgerðum og aðgerðum vegna endómetríósu, þreföldun á styrk til tannréttinga og aukningu í greiðslupátttöku í ferðakostnaði innanlands eftir nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu er ferðum fjölgaði úr tveimur í þrjár.

Þá hefur rekstrargrunnur helstu þjónustueininga heilbrigðiskerfisins verið styrktur umtalsvert svo sem Landspítala, heilsugæslunnar, heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni og Sjúkrahússins á Akureyri. Til viðbótar hefur mönnun í heilbrigðisþjónustu verið að styrkjast og ljóst er að þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa gripið til eru farnar að skila árangri.

Framsókn vill að heilbrigðisþjónusta á Íslandi verði áfram í fremstu röð og að aðgengi að þjónustunni sé tryggt.

Framsókn leggur áherslu á aukna samvinnu og skilvirkni innan kerfisins við veitingu heilbrigðisþjónustu og að þjónustutengd fjármögnun verði innleidd í auknum mæli. Framsókn leggur áherslu á að skilvirk þjónustukaup og samningar við þjónustuveitendur gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu í blönduðu heilbrigðiskerfi.

Framsókn vill tryggja að skipulag þjónustunnar styðji við samfellu í þjónustu þar sem þjónustuúrræði taki hnökralaust við af hvort öðru, bæði milli þjónustustiga og kerfa.

Framsókn telur að áfram séu tækifæri til að auka aðgengi að ýmis konar sérfræðiþjónustu óháð búsetu með því að innleiða fjarheilbrigðisþjónustu í gegnum fjarskiptabúnað í auknum mæli líkt og lagt er upp með í nýlegum samningi

Sjúkratrygginga við sérgreinalækna og rammamning Sjúkratrygginga við sjálfstætt starfandi sálfræðinga.

Forgangsráða þarf fjármunum í átt að forvörnum og heilsueflandi úrræðum fyrir alla aldurshópa.

Framsókn vill halda áfram að stuðla að umbótum í starfsumhverfi heilbrigðisstarfsfólks, styðja við nýsköpun og vísindi og stuðla að framþróun þjónustunnar. Framsókn leggur áherslu á að stofna sérstakan heilbrigðisvísindasjóð til styðja enn frekar við vísindi og rannsóknir á heilbrigðisvísindasviði.

Framsókn leggur áherslu á að mikilvægt sé að halda áfram á þeirri vegferð að efla sérnám lækna hér á landi og að fjöldi námsplássna á heilbrigðisvísindasviði endurspegli þörf samfélagsins til framtíðar.

Framsókn telur brýnt að leita allra leiða til að styrkja mönnun á landsbyggðinni og vinna áfram að því að jafna aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu.

Til að styðja við mönnun í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni leggur Framsókn áherslu á að halda áfram með vinnu heilbrigðisráðherra í tengslum við að virkja ákvæði í lögum um menntasjóð námsmanna um ívilnanir og endurgreiðslu námslána á skilgreindum svæðum.

Mikilvægt er að efla þjónustu heilsugæslunnar sem fyrsta viðkomustað þeirra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda og tryggja tímanlegt aðgengi að þjónustunni. Áfram þarf að efla samvinnu milli stofnana og landsvæða til að tryggja viðeigandi mönnun og þjónustu út um allt land.

Framsókn telur brýnt að áfram verði unnið að því að stytta bið eftir lýðheilsutengdum aðgerðum s.s. liðskiptaaðgerðum, augasteinaaðgerðum, aðgerðum við endómetríósu, bakaðgerðum sem og öðrum aðgerðum sem skerða lífsgæði og virkni einstaklinga.

Framsókn telur einnig brýnt að falla frá frávísun skilgreindra hópa við blóðgjöf og taka upp einstaklingsmiðaða áhættugreiningu.

Framsókn fagnar því mikilvæga skrefi heilbrigðisráðherra að birta fyrstu landsáætlun Íslands um sjaldgæfa sjúkdóma. Sjaldgæfir sjúkdómar hafa víðtæk áhrif á aðstandendur og eykst álagið með versnandi sjúkdómi og miklu varðar að bæta lífsgæði einstaklinga sem glíma við sjaldgæfa sjúkdóma.

Framsókn leggur áherslu á mikilvægi þess að koma aðgerðum í aðgerðaáætlun um sýklalyfjaónæmi til framkvæmda. Fyrirsjáanlegt er að aukið sýklalyfjaónæmi mun valda erfiðleikum við meðhöndlun ýmissa sjúkdóma og sýkinga, auka dánartíðni og auka kostnað í heilbrigðiskerfinu.

### 1.3 Geðheilbrigðisþjónusta

Framsókn leggur áherslu á að þær aðgerðir sem fram koma í nýlega samþykktri aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum verði fjármagnaðar og komið til framkvæmda. Í takt við stefnu Framsóknar þá er lagt til í áætluninni að geðrækt, forvarnir og

snemmtæk úrræði verði grundvöllur geðheilbrigðis einstaklinga. Þá er einnig lögð áhersla á notendamiðaða þjónustu á öllum stigum geðheilbrigðisþjónustunnar.

Framsókn telur skynsamlegt að halda áfram að efla 1.stigs geðheilbrigðisþjónustu heilsugæslunnar til að styðja við snemmtæk inn grip og fyrirbyggja frekari veikindi. Á kjörtímabilinu hafa svæðisbundin geðheilsuteymi verið fest í sessi með viðbótar fjárveitingu og þá hefur stöðugildum sálfræðinga innan heilsugæslunnar einnig verið fjölgað. Framsókn telur brýnt að halda áfram að byggja upp og styrkja geðheilsuteymi á landsvísu svo þau verði aðgengileg þeim sem þurfa á þeirri þjónustu að halda.

Framsókn leggur áherslu á að húsnæði geðdeildar Landspítala verði forgangsraðað framarlega í áfanga tvö í heildaruppbyggingu Landspítala og deildinni verði fundinn staður sem býður upp á batamiðað umhverfi.

Framsókn fagnar þeim mikla árangri sem hefur náðst við að stytta bið eftir geðheilbrigðisþjónustu barna og leggur áherslu á að halda áfram að leita allra leiða til að stytta alla biðlista eftir geðheilbrigðisþjónustu.

## 1.4 Dánaraðstoð

Framsókn vill stuðla að opinni umræðu um dánaraðstoð og að samþykkt verði löggjöf um að við vel skilgreindar aðstæður og að uppfylltum ströngum skilyrðum verði dánaraðstoð raunverulegur og mannúðlegur valkostur.

## 2. Lýðheilsa og forvarnir

Framsókn styður þær áherslur sem fram koma í aðgerðaráætlun í lýðheilsu sem samþykkt var á kjörtímabilinu.

Framsókn vill að lýðheilsumat verði innleitt í íslenska löggjöf til að tryggja að mat fari fram áður en teknar eru ákvarðanir sem geta haft áhrif á lýðheilsu þjóðarinnar, í takt við aðgerðaráætlun í lýðheilsu til ársins 2027 um að lýðheilsumat verði hluti af sjálfbærnimati á frumvörpum Alþingis.

Framsókn vill fara í þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum til að efla einstaklinga til virkni og bættar heilsu í íslensku samfélagi. Það er þýðingarmikil fjárfesting í fólki.

Framsókn vill stórefla lýðheilsu og forvarnir í heilbrigðiskerfinu og nýta til þess krafta í Íþróttasambandi Íslands, íþrótt- og ungmennafélögum um allt land, félagasamtökum, heilbrigðisfyrirtækjum og líkamsræktarstöðvum.

Framsókn vill auka fjárveitingar til lýðheilsusjóðs enn frekar til að styðja við mikilvæg verkefni á fjölbreyttu sviði lýðheilsu og forvarna.

Framsókn fagnar nýrri krabbameinsáætlun fyrir Ísland sem er nú í mótun. Framsókn telur brýnt að taka upp skipulagðar skimanir eftir krabbameini í ristli og endaparmi hér á landi.

Framsókn vill efla fjölbreyttar forvarnir á breiðu sviði og efla vitund um mikilvægi hreyfingar, svefns og mataræðis, sem og áhrif streitu á andlega líðan.

## 2.2 Áfengis- og vímuvarnir

Framsókn styður þá vinnu sem heilbrigðisráðherra hefur sett af stað í tengslum við heildstæða stefnumótun á sviði áfengis og vímuvarna sem tekur til forvarna, meðferðarúrræða, eftirfylgni meðferða, endurhæfingar og lagaumhverfis.

Framsókn leggur áherslu á skaðaminnkandi nálgun í áfengis- og fíkniefnamálum. Skaðaminnkandi hugmyndafræði á að vera hluti af úrræðum innan heilbrigðiskerfisins í öllum heilbrigðisumdæmum landsins. Skaðaminnkun miðar að því að draga úr skaðlegum afleiðingum hegðunar eða lífsstíls, óháð því hvort hún sé æskileg, lögleg eða ólögleg. Framsókn fagnar þeirri tímamóta vinnu sem heilbrigðisráðherra setti af stað með fyrstu skaðaminnkunarstefnu Íslands.

Framsókn telur mikilvægt að vinna að því markmiði að draga úr neyslu áfengis, tóbaks og nikótínvara í takti við áætlanir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem fulltrúar Íslands hafa samþykkt. Framsókn telur skynsamlegt að nikótínvörur falli undir tóbakslöggjöf stjórnvalda.

Framsókn vill viðhalda einkasölu ríkisins á áfengi og leggst gegn lögfestingu heimildar til reksturs innlendra vefverslana með áfengi í smásölu til neytenda í samkeppni við ríkið í ljósi mikilvægra lýðheilsusjónarmiða.

Framsókn telur brýnt að standa vörð um hagsmuni barna með öflugum forvörnum um áfengis- og vímuvarnir. Framsókn telur mikilvægt að vakta vel lýðheilsuvísa embættis Landlæknis og bregðast við óæskilegri þróun þeirra með markvissum og gagnreyndum forvörnum.

## 3. Almannatryggingar

### 3.1 Sjúkratryggingar

Framsókn leggur áherslu á að sjúkratryggðir einstaklingar hafi jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu og búi við heilsuöryggi óháð búsetu og efnahag.

Framsókn leggur áherslu á að samningar séu í gildi um þá þjónustu sem sjúkratryggingar Íslands kaupa fyrir hönd ríkisins.

Framsókn fagnar aukinni greiðslupátttöku Sjúkratrygginga í ferðakostnaði eftir heilbrigðisþjónustu sem tók gildi um áramótin. Framsókn vill kanna hvort þörf sé á frekari greiðslupátttöku og tryggja að staðið sé undir ferðakostnaði einstaklinga að öllu leyti.

Framsókn telur að vinna eigi að sameiningu greiðslupátttökukerfis læknisþjónustu og lyfja. Með því er hægt að tryggja að kerfin tali saman og að það sé samfella í þjónustu sem er mikilvægt fyrir fjárhagslegt öryggi sjúklinga. Fólk á aldrei að þurfa að glíma við fjárhagsörðugleika vegna veikinda sinna, barna eða ástvina.

## 3.2 Lyfjamál

Framsókn telur mikilvægt að endurskoða greiðsluþátttöku einstaklinga í lyfjakostnaði en hann getur verið þungur biti fyrir þá sem hafa minnst milli handanna.

Framsókn vill tryggja einstaklingum sem greinast með sjaldgæfa sjúkdóma aðgang að lífsnauðsynlegum lyfjum og meðferð á Íslandi eða þar sem hægt er að sækja slíka meðferð.

Framsókn telur mikilvægt að reyna eftir fremsta megni að tryggja framboð af mikilvægum lyfjum hér á landi.

## 4. Málefni eldra fólks

Framsókn fagnar því að í takt við stefnu Framsóknar hafi stjórnvöld farið í heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk eins og gert var í verkefninu „Gott að eldast“.

### 4.1 Heilsuefling og forvarnir

Þjóðin er að eldast og Framsókn vill að áhersla verði lögð á forvarnir og heilsueflingu eldra fólks til að stuðla að heilsu og vellíðan auk þess að tryggja samþættingu ólíkra þátta í þjónustu. Lykilatriðið er aukin samvinna innan kerfisins.

Framsókn vill einnig að lögð verði áhersla á aukinn félagslegan stuðning og skimanir með það að markmiði að hafa verkfæri til að vinna gegn einmanaleika, félagslegri einangrun, kvíða, þunglyndi og aldurstengdum fordómum.

Framsókn telur brýnt að styðja við fjölbreytta og fjölhæfa endurhæfingu fyrir aldraða. Framsókn stendur heils hugar við bakið á Heilsueflandi samfélag – allt lífið.

Eldra fólk er virði en ekki byrði og telur Framsókn að í hækkandi aldri þjóðarinnar felist tækifæri því það á að vera gott að eldast á Íslandi.

Framsókn vill efla forvarnir á breiðu sviði fyrir eldra fólk og efla vitund um mikilvægi hreyfingar, svefns mataræðis og félagslegrar þátttöku.

### 4.2 Virkni

Framsókn vill að eldra fólk hafi gott aðgengi til að sækja sér virkni óháð búsetu. Mikilvægt er að hvetja til kynninga um það hvaða virkni stendur eldra fólki til boða. Virk þátttaka í félagsstarfi lífgar upp á daginn og getur stuðlað að betri andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu.

Framsókn vill hvetja sveitarfélög til samvinnu með félögum eldra fólks og íþróttafélögum á hverju svæði til að styðja við fjölbreytt félagsstarf og heilsueflingu.

### 4.3 Atvinna

Framsókn vill að eldra fólk geti unnið eins lengi og heilsan leyfir sama hver aldurinn er. Mikill auður er í eldra fólki, reynsla og þekking sem er mikilvæg.

Framsókn fagnar skrefum heilbrigðisráðherra um að tryggja lögbundna undanþágu frá almennri reglu um 70 ára starfslokaaldur heilbrigðisstarfsmanna.

Framsókn vill einnig fella niður þá reglu að starfsmönnum hins opinbera í heild sé skylt að hætta störfum við 70 ára aldur. Þeir sem vilja vera virkir á vinnumarkaði áfram eiga að hafa kost á því ef vilji bæði launafólks og vinnuveitanda stendur til þess.

#### 4.4 Lífeyristryggingar og lífeyrismál

Framsókn vill að lögð verði áhersla á að leiðrétta hlut eldra fólks sem er í lægstu tekjutíundunum. Framsókn vill mæta þeim verst stöddu og horfir þá sérstaklega til húsnæðismála, en flest þau sem búa við bág kjör búa í mjög skuldsettu húsnæði eða greiða háa leigu. Skoða þarf möguleika á hlutdeildarlánnum fyrir eldra fólk. Í hópi eldri borgara eru einstaklingar sem hafa lágar tekjur og eiga erfitt með að ná endum saman og við því telur Framsókn að þurfi að bregðast.

Framsókn vill að almenna frítekjumarkið verði hækkað enda komi það sér best fyrir þau sem búa við lökustu kjörin. Almenna frítekjumarkið hefur verið óbreytt í langan tíma og því hefur skattbyrði lífeyrisþega aukist. Almenna frítekjumarkið verður að fylgja verðlagsþróun.

Framsókn vill að ellilífeyrisgreiðslur hækki til samræmis við lægstu laun.

#### 4.5 Samþætt þjónusta á heimili

Framsókn leggur áherslu á að góð samvinna sé á milli velferðarkerfis, heilbrigðiskerfis, félög eldri borgara og landsambands eldri borgara þegar kemur að heimaþjónustu og heimahjúkrun en þannig er hægt að tryggja samfellda og einstaklingsmiðaða þjónustu, eyða „gráum svæðum“ í þjónustu og gefa eldra fólk kost á að búa heima eins lengi og hægt er eftir því sem það vill og heilsa leyfir. Með því móti getur það haldið sjálfstæði sínu, reisu og virðingu.

Framsókn telur mikilvægt að halda áfram að tryggja nútímavæðingu þjónustunnar og aðgengi að henni með aukinni notkun á velferðartækni, rafrænni þjónustu, fjarþjónustu og upplýsingagáttum. Við tæknivæðinguna þarf að aðstoða þá sem ekki hafa náð að tileinka sér upplýsingatækni. Framsókn ítrekar mikilvægi þess að tryggja jafnt aðgengi óháð búsetu að heimaþjónustu og heimahjúkrun.

#### 4.6 Dagdvalarrými og dvalarheimili

Framsókn vill að eldra fólk hafi greiðan aðgang að fjölbreyttri þjónustu í dagdvalarrýmum þegar þarf einstaklinga kalla á slíka þjónustu hvort sem um er að ræða félags- og tómsundastarf í dagúrræðum eða sérhæfðari þjónustu svo sem í hvíldarinnlögn búsetu í dvalarrými.

Framsókn leggur áherslu á að fullnýta það húsnæði sem til er hjá stofnunum sem eru í rekstri áður en nýtt húsnæði er byggt.



## 4.7 Hjúkrunarheimili

Framsókn leggur áherslu á að fjöldi hjúkrunarrýma í boði í hverju heilbrigðisumdæmi endurspegli þörf svæðisins fyrir rýmin og að biðtími eftir rými sé innan skynsamlegra viðmiða.

Framsókn telur skynsamlegt að taka upp nýtt fyrirkomulag um uppbyggingu hjúkrunarheimila í ljósi þeirra tafa sem orðið hafa á fjölmörgum uppbyggingarverkefnum og hraða uppbyggingu nýrra rýma í takt við þörf.

Framsókn vill að áfram verði lögð áhersla á að mæta aukinni hjúkrunarþyngd íbúa á hjúkrunarheimilum og tryggja góða einstaklingsmiðaða þjónustu.